

**IceTransport**

# Umboð

“til skuldbindandi undirskriftar ábyrgðaryfirlýsingar á tollskýrslu og gjaldfærslu á aðflutningsgjöldum..”

Vinsamlegast útfyllið neðangreint umboð og sendið til okkar á faksi, “4 120 100” ef fyrirtæki þitt hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum hjá Tollstjóranum í Reykjavík.

**Ef undirskrifað umboð er ekki tilstaðar hjá miðlara. Þarf að fyrirframgreiða aðflutningsgjöld.**

<b>Umbjóðandi –innflytjandi, útflytjandi, miðlari</b>		<b>Kennitala</b>	<b>Dagsetning</b>
<b>Aðsetur</b>	<b>Sími</b>	<b>Lögheimili (ef annað aðsetur)</b>	<b>VSK númer</b>
<input checked="" type="checkbox"/> <b>Almennt umboð</b>	<input type="checkbox"/>	<b>Umboð vegna eftirfarandi vörusendinga (sendinganúmer)</b>	

**Aðilar sem veitt er umboð til að skuldbinda umbjóðanda**

<b>Nafn</b>	<b>Kennitala</b>	<b>Undirskrift og staðfesting</b>
<b>IceTransport</b>	<b>541298-3049</b>	

**Umbjóðandi hefur ekki leyfi til SMT tollmeðferðar**

- IceTransport ehf hefur leyfi tollstjóra til tollmeðferðar með skjalasendingum milli tölva (SMT), og hefur því heimild til að láta tollstjóra í té með SMT þær upplýsingar og gögn sem afhenda ber við tollafgreiðslu og hefur þar með leyfi til að láta viðskiptamönnum sínum í té þessa þjónustu.
- Umbjóðandi veitir IceTransport fullt og ótakmarkað umboð skv. samningi þessum til að óska eftir skuldfærslu hjá honum á aðflutningsgjöldum vegna þeirra sendinga sem IceTransport tollafgreiðir skv. samningi þessum, í samræmi við þær heimildir sem hann hefur til greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Umbjóðandi ábyrgist gagnvart IceTransport að hann hafi gilt leyfi til greiðslufrests á hverjum tíma og skuldbindur sig til að kynna félaginu allar breytingar sem kunna að verða á leyfinu eða ef það verður numið úr gildi á meðan umboðið gildir. Umbjóðandi ber að tilkynna IceTransport tafarlaust ef um vanskil verður að ræða á aðflutningsgjöldum og ef tollstjóri hefur afturkallað leyfi, eða synjað um leyfi til SMT tollafgreiðslu, eða heimild til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er felld úr gildi eða lækkuð. IceTransport gerir tollskýrslur í eigin nafni fyrir umbjóðanda, sem ábyrgist í einu og öllu þær upplýsingar sem IceTransport byggir tollskýrsluna á séu réttar.
- Umbjóðandi hefur gilt leyfi frá Tollstjóra til SMT tollmeðferðar.  Umbjóðandi hefur greiðslufrests á aðflutningsgjöldum frá Tollstjóra.
- Umbjóðandi ábyrgist gangvart IceTransport að halda félaginu skaðlausu af öllum kröfum sem kunna að spretta af tollafgreiðslu á vörum fyrir umbjóðanda, þ.m.t þeirri ábyrgð sem kann að falla á IceTransport vegna rangrar tollflokunar og ábyrgðir á grundvelli 16. gr. Tollalaga.
- Verði IceTransport látin greiða eða ábyrgjast kröfur vegna aðflutningsgjalda innflytjanda skal félagið eiga kröfu til endurgreiðslu á þeim kostnaði ásamt hæstu lögleyfða dráttarvöxtum og innheimtukostnaði hjá honum.
- Umboðið tekur gildi með undirritun umbjóðanda. Umboðið gildir til eins árs í senn. Umboðið er þó uppsegjanlegt af hálfu beggja aðila með 30 daga fyrirvara. Uppsögnin þarf að vera skrifleg, send með ábyrgðarbréfi, símbréfi, eða tölvupósti og tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir uppsögn fer fram.

<b>7. Staðfesting umbjóðanda</b> Undirritaður veitir ofangreindum aðila/aðilum umboð til að undirrita skuldbindingar ábyrgðaryfirlýsingu á tollskýrslu yfir vöru sem tollafgreiddar eru á nafni og kennitölu umbjóðanda, sbr. 16 gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Einnig til að gjaldfæra á umbjóðanda aðflutningsgjöld skv. reglugerð nr. 640/1989 og nr. 309/1992	<b>Nafn og kennitala umbjóðanda</b>
	<b>Undirskrift umbjóðanda (Prókúruhafa)</b> <b>Dagsetning</b>